

RÉTT SKAL VERA RÉTT

Erla Kolbrún Svavarsdóttir gerir hér athugasemdir við umfjöllun Sigríðar Halldórsdóttur, prófessors í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri, um bókina *Ofbeldi – margbreytileg birtingarmynd* sem kynnt var í Tímariti hjúkrunarfræðinga, 3. tbl. 2011, bls. 26-27.

Bókin *Ofbeldi – margbreytileg birtingarmynd* kom út á vegum Háskólaútgáfunnar í lok ársins 2010. Ritstjóri bókarinnar er Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Bókin er rituð í þeim tilgangi að kynna heilbrigðisstarfsfólki og nemendum í grunn- og framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum, niðurstöður fjögurra íslenskra rannsókna á ofbeldi gegn konum sem undirrituð er ábyrgðarmaður að. Í bókinni eru 5 kaflar þar sem niðurstöður fyrrnefndra rannsókna eru tíundaðar auk þess sem í tveimur viðaukum bókarinnar er greint frá leiðbeiningum í klíník sem notaðar voru í rannsóknunum. Geta þær nýst sem vegvísir fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem stendur frammi fyrir því að konur, sem eru skjólstæðingar þess, tjái því eða gefi til kynna að þær hafi verið eða séu þolendur ofbeldis. Hver kafli í bókinni var ritrýndur af tveimur sérfræðingum innan háskólasamfélagsins. Bókin er samtals 185 blaðsíður að lengd og hafði Kristín Björnsdóttir, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, umsjón með ritrýni fyrstu tveggja kafla bókarinnar.

Í fyrsta kafla bókarinnar eru niðurstöður kynntar úr tveimur rannsóknum þar sem kannað var hvaða þættir hefðu áhrif á heilbrigði kvenna sem eru þolendur ofbeldis í nánnum samböndum úti í samfélaginu (niðurstöður úr landskönnun/samfélagsskönnun, n=2.738 konur) samanborið við þann hóp kvenna sem eru þolendur ofbeldis en leita eftir sértækri heilbrigðisþjónustu á slysa- og bráðadeild Landspítala í Fossvogi eða á áhættumeðgöngudeild (niðurstöður rannsóknar á slysa- og bráðadeild og á Miðstöð mæðraverndar, n=208 konur). Um er að ræða þversniðsrannsókn



sem náði til 2.946 kvenna bæði almennt í samfélaginu og á klínískum vettvangi. Eins og fram kemur í inngangi bókarinnar sem og í aðferðafræðilegri umfjöllun á niðurstöðum þessara fjögurra rannsókna var gögnum safnað meðal annars með spurningalistum sem og með hálfstöðluðum viðtölum.

Í umfjöllun Sigríðar Halldórsdóttur um þær rannsóknaniðurstöður, sem kynntar eru í fyrsta kafla bókarinnar, fullyrðir Sigríður að einungis 35% þátttaka hafi verið í fyrri rannsókninni og að undirrituð hafi „gert lítið úr þeirri takmörkun og ekki nægjanlegar varkárni gætt í ályktun með tilliti til þessarar alvarlegu takmörkunar“ (Tímarit hjúkrunarfræðinga, bls. 26). Hér fer Sigríður því miður með rangt mál eins og svo víða annars staðar í umfjöllun sinni um ofangreinda bók. Sigríður heldur áfram og vitnar í lokaorð undirritaðrar í fyrsta kafla bókarinnar þar sem hún segir: „Til dæmis skrifar Erla Kolbrún um meginniðurstöðu rannsóknarinnar: „Þótt ofbeldi gegn konum sé að finna í öllum þjóðfélagsstéttum virðist hlutfallslega

algengara að einstæðar/fráskildar konur og konur með stutta skólagöngu að baki upplifi ofbeldi en konur í hjónabandi/sambúð eða með háskólamenntun“... Þessi ályktun er dregin út frá 35% svarhlutfalli“ (Tímarit hjúkrunarfræðinga, bls. 26). Hér kemur best í ljós að Sigríður hefur ekki lesið bókina vandlega. Hún áttar sig ekki á því með hvaða hætti gögnum var safnað í þessari rannsókn. Það kemur skýrt fram á bls. 22 í bókinni í umfjöllun um rannsóknnaðferðir að í samfélagsrannsókninni voru sendir spurningalistar til 7.613 kvenna sem voru giftar eða í sambúð (5.630 giftar konur og 1.983 konur í sambúð). Af þeim 5.630 konum, sem voru giftar, tóku 1.974 konur þátt (35,06%), en 772 konur í skráðri sambúð tóku þátt í rannsókninni (40,78% þátttaka). Eins er greint frá því að af þeim 110 konum, sem komu á Miðstöð mæðraverndar, neituðu 3 þátttöku þannig að endanleg þátttaka þar var frá 107 konum (97,3% þátttaka) og af þeim 103 konum, sem rannsóknin var kynnt fyrir á slysa- og bráðadeild, neituðu 2 konur þátttöku, þannig að 101 kona tók þátt í því úrtaki (98% þátttaka). Í lokaorðum um rannsóknaniðurstöður í fyrsta kaflanum greinir undirrituð frá niðurstöðum bæði úr samfélagsúrtakinu sem og úr úrtakinu á slysa- og bráðadeild og á Miðstöð mæðraverndar. Það er því rangt og mjög villandi af Sigríði að halda því fram að verið sé að draga ályktanir einungis út frá 35% svarhlutfalli í meginniðurstöðum rannsóknarinnar. Þess ber einnig að geta að í umfjöllun um takmarkanir rannsóknarinnar á bls. 32 í bókinni *Ofbeldi – margbreytileg birtingarmynd* er skýrt tekið fram að „... auk þess var þátttaka meðal kvenna almennt úti í samfélaginu fremur lítil (undir 50%) og klíniska úrtakið var einnig frekar lítið, og hafa ber í huga að ekki er hægt að alhæfa um eðli ofbeldis utan þess klíniska vettvangs sem rannsóknin var framkvæmd á, þ.e. á slysa- og bráðadeild LSH og á Miðstöð mæðraverndar.“

Annað sem Sigríður dregur fram í umfjöllun sinni er að hugsanlega hefði verið hægt að slá saman umfjöllun í kafla eitt og kafla tvö. Undirrituð er því algjörlega ósammála þar sem verið er að svara gjörólikum rannsóknarspurningum/tilgátum í þessum tveimur köflum. Í



Bókin sem um er rætt.

kafla tvö er verið að fjalla um áhrifin af margbættu langvinnu líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi af hálfu náins fjölskyldumeðlims, á andlega heilsu kvenna þar sem ofbeldið hefur átt sér stað einhvern tímann á lífsleiðinni. Hér var gögnum safnað saman bæði með spurningalistum sem og með hálfstöðluðum viðtölum, eins og tekið er fram á blaðsíðu 47 í bókinni. Í kafla eitt er aftur á móti verið að kanna áhrif ofbeldis í núverandi sambúð eða hjónabandi á andlega heilsu kvenna og þá annars vegar meðal kvenna úti í samfélaginu og hins vegar meðal kvenna sem leita eftir heilbrigðisþjónustu á slysa- og bráðadeild og á Miðstöð mæðraverndar. Það er mikill munur á því hvort verið er að fjalla um upplifun af ofbeldi einhvern tímann á lífsleiðinni eða hvort verið er að fjalla um ofbeldi sem á sér stað í núverandi sambúð eða í núverandi hjónabandi. Sigríður fer auk þess með rangt mál þegar hún fullyrðir í umfjöllun sinni að Erla Kolbrún styðjist eingöngu við gögn sem safnað er saman með spurningalistum. Í kafla tvö er greint bæði frá niðurstöðum úr viðtölum sem og úr spurningalistunum.

Sigríður heldur því einnig fram að notkun spurningalista í rannsóknum á ofbeldi gegn konum sé í sjálfu sér takmarkandi þáttur en vitnar því miður aðeins í eina 20 ára gamla heimild máli sínu til stuðnings. Fjölmargar erlendar vísindarannsóknir hafa verið birtar í virtum erlendum tímaritum gegnum tíðina þar sem stuðst

er við réttmæt og áreiðanleg mælitæki sem mæla viðkvæma hluti á borð við ofbeldi, missi, sorg, áfallastreitu, einelti og svo framvegis (sjá heimildaskrár í bókinni *Ofbeldi – margbreytileg birtingarmynd*) en WAST-mælitækið, sem stuðst er við í þeim rannsóknum sem gerð eru skil í þessari bók, er einmitt eitt slíkt mælitæki. Auk þess hafa klínískar leiðbeiningar verið búnar til þar sem ráðlagt er að styðjast við viðurkennd og virt mælitæki til að meta ofbeldi gegn konum (sjá umfjöllun í viðaukum bókarinnar *Ofbeldi – margbreytileg birtingarmynd*). Það er athyglisvert að í bók Ingólfs Gíslasonar, *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir, afleiðingar og úrræði* (2008, bls. 148), greinir Ingólfur frá fjölmörgum leitartækjum til að greina ofbeldi og þar á meðal vitnar Ingólfur í eina heimild þar sem tilgreind eru 33 kembileitartæki vegna ofbeldis í nánum samböndum sem hafa komið fram frá 1979-2003. Það sama er að segja um skýrslu velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánum samböndum 2010-2011. Í þeirri könnun er stuðst við alþjóðlegan spurningalista sem heitir *The International Violence against Women Survey (IVAWS)*. Spurningalistinn var þýddur og lagður símléiðis fyrir 2050 konur hér á landi. Eins má geta þess að í nýrri rannsókn, sem undirrituð er að vinna að um þessar mundir, er verið að kanna mun á svörum kvenna um reynslu af ofbeldi þar sem gögnum er safnað saman með viðtölum, með spurningalista (blað- og blýantsaðferðin) eða með rafrænum hætti (í gegnum tölvu) meðal 306 kvenna. Enginn marktækur munur kom fram hvað varðar reynslu kvennanna af ofbeldi eftir því hvaða aðferð var notuð við gagnasöfnunina (Erla Kolbrún Svavarsdóttir, 2011, fyrirlestur haldinn 1. júní í Öskju Háskóla Íslands á ráðstefnu um kynbundið ofbeldi, „Drögum tjöldin frá“).

Sigríður endar umfjöllunina á að tala um rannsóknir þeirra Kolbrúnar og Sigríðar Síu þó svo henni hafi átt að vera það ljóst að rannsóknirnar, sem þær Kolbrún og Sigríður Síu greina frá, voru skipulagðar, undirbúnar og þeim stjórnað af undirritaðri eins og tekið er fram í inngangi bókarinnar sem og bæði í kafla 3 og kafla 4 (sjá t.d.

bls. 97). Sigríður eignar því þeim Kolbrúnu og Sigríði Síu rannsóknirnar þó svo það sé skýrt tekið fram að undirrituð sé ábyrgðarmaður og höfundur að þessum rannsóknum. Sigríður fjallar einnig um að aðferðafræðilega séu rannsóknir Kolbrúnar og Sigríðar Síu vandaðar og er það óneitanlega sérkennilegt því stuðst er við sömu aðferðafræði í umfjöllun þeirra Kolbrúnar og Sigríðar Síu og í umfjöllun í köflum 1 og 2 sem undirrituð er höfundur að. Sigríði hefði átt að vera það ljóst að verið er að fjalla að hluta til um sömu rannsóknir í fyrstu fjórum köflum bókarinnar þó svo niðurstöðurnar séu kynntar með ólíkum hætti. Um stórt gagnasafn er að ræða þar sem verið er að svara ólíkum rannsóknarspurningum (kaflar 1 og 2 eru yfirlitkaflar þar sem gefið er yfirlit yfir niðurstöður þessara rannsókna). Aðferðafræðin er hins vegar sú sama. Að lokum greinir Sigríður frá þeirri skoðun sinni að ef við Brynja hefðum í okkar rannsóknum stuðst við viðtöl hefðu þær rannsóknir haft mun meira

gildi. Eins og áður hefur komið fram var stuðst meðal annars við viðtöl á slysa- og brádamóttökudeild og á Miðstöð mæðraverndar en þeim niðurstöðum eru meðal annars gerð skil í kafla 2.

Ofbeldi er alvarlegt heilbrigðisvandamál sem fjalla þarf um af þekkingu, innsæi, nærgætni og af virðingu fyrir þolendum ofbeldis. Ég vil því hvetja lesendur Tímarits hjúkrunarfræðinga til að lesa sjálfir umrædda bók og að mynda sér sjálfstæða skoðun á gildi þeirra rannsóknaniðurstaðna sem þar eru kynntar. Umfram allt er það mikilvægt að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður, sem starfa innan heilbrigðiskerfisins, kunni að bregðast faglega við þegar þeim er tjáð að skjólstæðingur þeirra sé þolandi ofbeldis en þá er það grundvallaratriði að veita þolendum ofbeldis viðeigandi fyrstu viðbrögð.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir er ritstjóri bókarinnar *Ofbeldi – margbreytileg birtingarmynd*.

Heimildir

Erla Kolbrún Svavarsdóttir (ritstj.) (2010). *Ofbeldi – margbreytileg birtingarmynd*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir (2011). Notkun klínískra leiðbeininga við að greina ofbeldi gegn konum í nánum samböndum. Fyrirlestur haldinn 1. júní í Öskju Háskóla Íslands á ráðstefnu um kynbundið ofbeldi, Drögum tjöldin frá. Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

Ingólfur V. Gíslason (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir – afleiðingar – úrræði*. Heilbrigðiskerfið. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Sigríður Halldórsdóttir (2011). Bókarkynning: Margbreytileg birtingarmynd ofbeldis. Tímarit hjúkrunarfræðinga, 87 (3), bls. 26-27.

Skýrsla velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánum samböndum. Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011.

KYNSTRIN ÖLL – fjör í orði og á borði!

Kynstrin öll er skemmtilegt og óvenjulegt spurningaspil með forvitnilegum og myndnum spurningum. Spilið vekur eldfjörugar umræður meðal leikmanna um allt milli himins og jarðar í sambandi við samskipti kynjanna og kynferðismál. Spilið er kryddað með skemmtilegum fróðleik um málefni sem allir ættu að þekkja. Spilið er hið fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Kynstrin öll er spurninga- og partýspil fyrir vana- og kunningjahópinn, fyrir konur og karla og kynhneigðir af öllu tagi. Allir geta tekið þátt í spilinu, óháð reynslu af nánum samskiptum.

kynstrinoll.is

HJÚKRUNAR-FRÆÐINGAR!
TILBOÐ Á KYNSTRIN ÖLL FRAM AÐ JÓLUM:
5000 kr.
(+ sendingarkostnaður í póstkraffu).
PANTANIR:
jona@kynstur.is